RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ
LANDBÚNAÐARINS



Við sérhæfum okkur í þinni starfsemi

Saman náum við árangri

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) býður bændum og öðrum upp á fjölbreytta ráðgjöf og þjónustu. RML var stofnuð árið 2013 og hefur frá fyrsta degi sinnt víðtækri landbúnaðarráðgjöf um land allt. Ráðgjöf okkar er sniðin að þörfum landbúnaðarins hverju sinni og við kappkostum að koma til móts við þarfir þeirra sem leita til okkar. Þetta endurspeglast í slagorðinu okkar sem jafnframt er leiðarljósið í allri okkar vinnu: Við sérhæfum okkur í þinni starfsemi.

Mikilvægt er að hafa góða yfirsýn og markmið um hvert skuli stefna í búrekstrinum hvort sem búin eru stór eða smá. Það auðveldar allan daglegan rekstur, möguleg ættliðaskipti og sölu. RML er leiðandi í ráðgjöf og miðlun þekkingar í landbúnaði. Við höfum í okkar röðum fjölbreyttan hóp starfsmanna með mikla þekkingu á starfsumhverfi bænda og landbúnaðar.

Við veitum ráðgjöf og þjónustu varðandi flesta þætti landbúnaðarins – til bænda, opinberra aðila og einkaaðila. Helsta markmið ráðgjafarinnar er að stuðla að virðisauka, og sjálfbærni í landbúnaði bændum og samfélaginu öllu til heilla.





Ljósmynd: Þórdís Þórarinsdóttir

“RML veitir alhliða ráðgjöf til bænda. Við höldum utanum skýrsluhaldskerfin fyrir búgreinarnar. Gögn úr skýrsluhaldskerfunum nýtast bændum í bústjórn á sínum búum. Stærstu verkefnin um þessar mundir eru í Arfgerðargreiningum í riðu, einnig eru stór verkefni í kynbótastarfi í nautgriparæktinni. Við erum með verkefni í jarðræktinni sem heitir Bændahópar sem við erum að þróa að Finnskri fyrirmynd. Slík samvinna getur skilað búunum bættum rekstri. Gagnavinnsla úr landbúnaðinum skiptir miklu máli og sú vinnsla er sífellt að verða veigameiri í okkar starfsemi.”

Karvel L. Karvelsson
Framkvæmdastjóri







Jarðrækt

Markviss jarðrækt er mikilvæg til að ná sem bestum árangri í búrekstrinum. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins veitir víðtæka leiðsögn með það að markmiði að ræktun fóðurs og matjurta sé hagkvæm og afurðirnar stuðli að heilbrigði. Sérhæft teymi jarðræktar- og garðyrkjuráðunauta sinnir ráðgjöfinni sem byggir m.a. á niðurstöðum efnagreininga á jarðvegi og fóðri ásamt skýrsluhaldsgögnum jarðræktar. Ráðgjöfin felst m.a. í vali á áburði, sáðvöru og jarðvinnsluaðferðum. Góður árangur í jarðrækt styður einkum við hagkvæman búrekstur, jarðvegsheilbrigði, góða nýtingu á landi og aðföngum og þar með að lágmarks loftslagsáhrifum.

Bændahópar

Jafningjafræðsla þar sem ráðunautar leiða samvinnu og samtal milli bænda er nýtt og vinsælt form ráðgjafar sem Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins veitir í jarðrækt og fóðuröflun og kallast „Bændahópar“.

Þátttaka bænda er til eins árs í senn og í upphafi koma þeir sér saman um áhersluatriði og trúnað og hvaða gögn þeir ætla að deila með hópnum. Reynsla úr sambærilegum verkefnum erlendis er sú að bændahópur heldur áfram ár eftir ár og góð tengsl myndast meðal bændanna og góður árangur næst í aukinni og betri uppskeru og betri nýtingu aðfanga.


Ljósmynd: Anna Guðrún Grétarsdóttir


Ljósmynd: Borgar Páll Bragason


Ljósmynd: Þórey Ólöf Gylfadóttir


Ljósmynd: Þórey Ólöf Gylfadóttir

Mat á uppskerumagni og gæðum með fjarkönnun


Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins tekur þátt í ýmsum þróunarverkefnum á sviði jarðræktar og fóðuröflunar. Eitt af þeim er verkefnið Cybergrass 2.0 sem er styrkt af Norðurslóðaáætluninni (NPA) sem er samstarfsvettvangur m.a. Svíþjóðar, Finnlands, Noregs og Íslands. Markmið verkefnisins er að nýta myndir teknar með gervitunglum og drónum til að geta lagt mat á lifun grass eftir vetur og til að geta leiðbeint um val á sláttutíma út frá mati á uppskerumagni og gæðum byggt á fjarkönnunargögnum. Verkefnið hófst vorið 2025 í samstarfi við bændur á þremur jörðum á Suðurlandi.

Garðyrkja

RML veitir ráðgjöf í ylrækt grænmetis og blóma, útiræktun matjurta og ræktun garð- og skógarplantna. Auk þess sinna garðyrkju- og ylræktarráðunautar RML ráðgjöf um áburðargjöf, varnir gegn sjúkdómum, meindýrum og illgresi.

Meðal annarra verkefna á þessu sviði má nefna:

- Jarðvinnslu, val á tækjum og jarðvinnslutækni
- Áburðarráðgjöf og áburðaráætlanir
- Val á tegundum og yrkjum til notkunar í kornrækt, túnrækt, grænfóðurrækt eða orkujurtaræktun
- Aðstoð við skýrsluhald og skráningu í jörð.is
- Greiningu á fóðuröflunarkostnaði



Líffræðileg fjölbreytni

RML veitir ýmis konar leiðsögn um landnýtingu, meðal annars varðandi nýtingu á landi til beitar eða við val á landi til mismunandi ræktunar. Ráðgjöf í landnýtingu getur einnig falist í að skilgreina nýtingarmöguleika heilla bújarða. Enn fremur aðstoðar RML og veitir ráðgjöf um endurheimt vistkerfa.

Ráðunautar RML veita ráðgjöf varðandi lífræna ræktun þar sem sjálfbærni er í fyrirrúmi og að varðveita og vernda náttúrulegar auðlindir ásamt því að hafa margbreytileg jákvæð áhrif á umhverfið. Markmiðið er að framleiðslan sé í sátt við náttúruna, að framleiða afurðir á sjálfbæran hátt og vernda óendurnýjanlegar auðlindir.



Ljósmynd: Sigríður Ólafsdóttir



Ljósmynd: Borgar Páll Bragason






Búnaðarsamband Suðurlands
• Rekstur fyrirtækja
• Félagsmál bænda
• Úttektir/eftirlit
• Landskipti/lóðablöð
Kynbótastöð
• Kúasæðingar
• Klaufsnyrting
• Sauðfjársæðingar
Bændabókhald
• Bókhald
• Framtöl
• Ársreikningar
Stóra-Ármót
• Blandaður búskapur
• Tilraunir og athuganir
• Fundarsalur
BÚNAÐARSAMBAND SUÐURLANDS
1908
Búnaðarsamband Suðurlands • Austurvegi 1 • 800 Selfoss • Sími 480 1800 • www.bssl.is

Bútækni, rekstur og framkvæmdir

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins veitir margvíslegan stuðning við hina ýmsu þætti búrekstrarins svo að bændur geti fengið sem mest út úr starfsemi sinni. Aðkoma RML getur verið margvísleg, allt eftir óskum viðskiptavinarins, og ætíð er tekið tillit til þeirra aðstæðna sem eru á viðkomandi býli. Lagt er mat á núverandi aðstöðu og styrkleikar og veikleikar greindir, hvort sem er varðandi innra skipulag og mögulegar breytingar á byggingum eða með tilliti til vinnuhagræðingar. RML býður þannig upp á leiðsögn við hvers kyns stórar ákvarðanir, allt frá framkvæmdum og hönnun nýrra bygginga til rekstrar og nýsköpunarráðgjafar. Auk þess sem RML veitir heildstæða eftirfylgni með verkefnunum sem koma á okkar borð. Hjá RML færðu því heildstæða og þverfaglega aðstoð fyrir þann búskap sem þú stundar.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins aðstoðar bændur við framkvæmdir á marga vegu, allt eftir óskum viðskiptavinar:

1. **Rekstrargreining - Nauðsynlegt er að fá nákvæma rekstrargreiningu áður en farið er af stað í framkvæmdir svo hægt sé að meta hver greiðslugeta búsins er.**

2. **Hönnun – Teiknuð er afstöðumynd af núverandi húsi og breytingum eða nýbyggingu, teikning er síðan send til teiknistofu sem klárar lokateikningar.**

3. **Kostnaðarmat og styrkumsókn – Búið er til gróft kostnaðarmat og sótt um fjárfestingarstuðning.**

4. **Kostnaðaráætlun kláruð – Þegar búið er að fullvinna teikningar er gerð nákvæm kostnaðaráætlun.**

5. **Fjármögnun – Rekstrargreining ásamt kostnaðaráætlun nýtist vel þegar sótt er um fjármagn hjá fjármagnsstofnunum.**

6. **Verkáætlun og tilboðsgerð – Nauðsynlegt er að vera með tilbúna verkáætlun og leita tilboða svo að óvæntur kostnaður komi ekki í bakið á mönnum.**

7. **Samið við söluaðila og verktaka – Nauðsynlegt er að semja við verktaka og söluaðila um afhendingartíma og fara yfir hvernig fjárstreymi er á milli aðila.**

8. **Eftirfylgni með framkvæmdum – Ef viðskiptavinur óskar þess þá er RML tilbúið að fylgjast með framkvæmdum og aðstoða ef samningar eða áætlanir eru að fara úr skorðum. Best er að grípa strax inn í ef áætlanir ætla ekki að standast og finna lausnir svo kostnaður verði ekki of mikil.**

9. **Úttekt á framkvæmdum – Lokaúttekt á húsnæði og farið yfir hvort innréttingar séu rétt stilltar o.s.frv.**

Forrit og skýrsluhald

RML hefur umsjón með skýrsluhaldskerfum í búfjárrækt og jarðrækt auk bókhaldskerfisins dkBúbótar. Þróun kerfanna er í umsjón RML. Skýrsluhaldskerfin eru stór þáttur í bústjórninni ásamt því að vera gagnaöflun sem nýtist hverri einstakri grein. RML aðstoðar bændur við hvers kyns skýrslugerð og leiðbeinir um notkun þeirra forrita og kerfa sem henta hverjum rekstri.

dkBúbót bókhaldskerfið	**huppa.is fyrir nautgriparækt**	**fjarvis.is fyrir sauðfjárrækt**	**worldfengur.com fyrir hrossarækt**	**heiðrún.is fyrir geitarækt**	**jörð.is fyrir jarðrækt**


Ljósmynd: Anna Guðrún Grétarsdóttir


Ljósmynd: Halla Eygló Sveinsdóttir




Ljósmynd: Halla Eygló Sveinsdóttir



Ljósmynd: Borgar Páll Bragason

Landnýting

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins veitir ýmis konar ráðgjöf varðandi nýtingu á landi til matvælaframleiðslu og annars landbúnaðar. Þetta getur t.d. átt við um val á landi til mismunandi nýtingar og ráðgjöf í aðgerðum til að koma landi í tiltekna ræktun. Einnig varðandi beitarskipulag og val á girðingarefni og girðingarstæði. Í tengslum við skipulagsmál sveitarfélaga sinnir Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ítarlegum greiningum við flokkun landbúnaðarlands til að tryggja að sveitarfélög byggi á sem bestum grunni við ákvarðanatöku sem snúa að verndun landbúnaðarlands. Markmið ráðgjafar í landnýtingu er einkum að upplýsa landeigendur um atriði er varða hagkvæmni, jarðvegsheilbrigði, sjálfbærni og loftslagsáhrif.

AGROSUS

RML tekur þátt í evrópsku samstarfsverkefni, AGROSUS, sem miðar að því að þróa umhverfisvænar aðferðir til illgresiseyðingar. Verkefnið, sem er styrkt af Horizon Europe, hófst í júlí 2023 og mun standa yfir í fjögur ár. Markmiðið er að minnka notkun illgresiseyða og draga úr umhverfisáhrifum þeirra. Verkefnið byggir á landbúnaðarvistfræði og felur í sér aðferðir eins og skiptiræktun, samplöntun og líffræðilegar varnir. Fyrsta skrefið er að safna upplýsingum um illgresistegundir og núverandi illgresiseyðar, auk þess að prófa aðrar aðferðir í tilraunum með þátttöku bænda og annarra hagsmunaaðila.

NoraLogn

Verkefnið „Samstarf í landbúnaði - Bændur gæslumenn lands“ er samstarfsverkefni Íslendinga, Grænlendinga og Færeyinga sem hefur hlotið styrk frá Norræna Atlantssamstarfinu, NORA. Markmið verkefnisins er að hvetja bændur til þátttöku í náttúruvernd og umhverfisverkefnum og greina hvernig landbúnaður og náttúruvernd geta stutt hvort annað. Þátttakendur frá Íslandi eru Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Vatnajökulsþjóðgarður, ásamt sambærilegum stofnunum frá Grænlandi og Færeyjum. Verkefnið er vettvangur fyrir bændur, ráðunauta og fagaðila til að deila hugmyndum og efla tengslanet. Það byggir á grasrótarnálgun þar sem bændur eru hvattir til að nýta umhverfið og staðbundna þekkingu í jákvæða þróun á búskap og nýsköpun. Verkefnið er til þriggja ára eða frá 2023-2025. Vonir standa til að verkefnið muni skilja eftir sig öflugan þekkingargrunn sem hægt verður að miðla til annarra bænda, stjórnvalda og fagaðila.

Ráðgjöf og ræktunarstarfið

RML hefur faglega umsjón með ræktun búfjárstofna á Íslandi, leiðir kynbótastarf innan þeirra og sinnir kynbótaskýrsluhaldi í búfjárrækt. Ráðunautar RML hafa víðtæka reynslu og þekkingu á sviði búfjárræktar og sinna sérhæfðri ráðgjöf, leiðsögn og fræðslu ásamt því að dæma búfé og halda utan um kynbótasýningar. RML býður upp á ráðgjöf og þjónustu fyrir bæði nýja og starfandi bændur. Ráðgjöf okkar fer fram í formi fræðsluerinda, námskeiða og einstaklingsmiðaðrar ráðgjafar, óháð staðsetningu á landinu. Hvort sem um er að ræða sauðfé, nautgripi, hross, hænsni, svín eða loðdýr, þá veitum við faglega ráðgjöf og þjónustu sem stuðlar að árangri í ræktunarstarfi og aukinni velferð búfjár.

Við erum í fararbroddi við að bæta og þróa íslenskan landbúnað með nýjustu aðferðum til að tryggja framfarir í ræktunarstarfinu. Með erfðamengjaúrvali í búfjárrækt og DNA sýnatökum stuðlum við að nákvæmara vali á ræktunargripum og hraðari framförum í ræktunarmarkmiðum, svo sem betri kjötgæðum, aukinni frjósemi eða betri heilsu.

RML leiðir fjölmörg umfangsmikil verkefni svo sem DNA sýnatökur í sauðfé sem hafa það að markmiði að greina arfgerðir og hagnýta þekkingu til að rækta mótstöðu gegn sjúkdómum eins og riðu. Með markvissu ræktunarstarfi stuðlum við að heilbrigðari og sterkari sauðfjárstofni til framtíðar.

Verkefni RML sem tengjast ræktunarstarfi í búfjárrækt eru ekki aðeins mikilvæg fyrir bændur og búfjáreigendur, heldur einnig fyrir samfélagið í heild sinni, þar sem þau stuðlar að betri afurðum, aukinni framleiðni og sjálfbærari landbúnaði.


Ljósmynd: Oddný K. Guðmundsdóttir


Ljósmynd: Anna Guðrún Grétarsdóttir


Ljósmynd: Halla Eygló Sveindóttir


Ljósmynd: Halla Eygló Sveinsdóttir


Ljósmynd: Anna Guðrún Grétarsdóttir

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

1. Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes
2. Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi
3. Húnabraut 13, 540 Blönduós
4. Borgarsíðu 8, 550 Sauðárkrókur
5. Óseyri 2, 603 Akureyri
6. Garðarsbraut 5, 640 Húsavík
7. Langanesvegi 2, 680 Þórshöfn
8. Miðvangi 2, 700 Egilsstaðir
9. Klausturvegi 4, 880 Kirkjubæjarklaustur
10. Austurvegi 4, 2. hæð, 860 Hvolsvöllur
11. Austurvegi 1, 800 Selfoss
12. Höfðabakka 9a, 4. Hæð, 110 Reykjavík



Ljósmynd: Anna Guðrún Grétarsdóttir

516 5000
rml@rml.is
www.rml.is

SPEKTRA
WORKPOINT
Completing SharePoint
WORKPOINT • SKJALASTÝRING
MÁLAKERFI • VERKEFNASTÝRING
GÆÐAHANDBÓK • GÆÐAKERFI
ÁHÆTTUSTÝRING
Lestu meira á: www.spektra.is

JS/ISLAND – A part of JS Danmark · Concept: JS Media Tools A/S · 2017 © WWW.BIGSTOCK.COM